

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2037

2018/EES/25/01

frá 21. nóvember 2016

um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE að því er varðar leyfilegan hámarksþrýsting í úðabrusum og til þess að aðlaga ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa ⁽¹⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 75/324/EBE er mælt fyrir um reglur sem varða setningu úðabrusa á markað. Í henni eru öryggiskröfur um úðabrusa samræmdar, þ.m.t. kröfur sem varða nafnrúmtak, áfyllingu og aðrar hættur vegna þrýstings og kröfur um merkingar á úðabrusum, sem falla innan gildissviðs hennar og sem settir eru á markað samkvæmt ákvæðum þeirrar tilskipunar.
- 2) Tækniframfarir og nýsköpun hafa á undanförunum árum leitt til þróunar á úðabrusum með nýjum óeldfimum drifefnum, einkum þjöppuðum lofttegundum s.s. köfnunarefni, þrýstiloft eða koltvísýring. Núverandi leyfilegur hámarksþrýstingur úðabrusa, sem kveðið var á um í tilskipun 75/324/EBE, takmarkar hins vegar þróun úðabrusa með óeldfimum drifefnum þar sem hún hefur neikvæð áhrif á skilvirkni úðans í slíkum úðabrusum á endingartíma þeirra. Lækkun þrýstings í slíkum úðabrusum á meðan þeir eru í notkun leiðir nánar tiltekið til þess að útstreymi innihaldsins verður ekki jafn greitt og áður og marktæk skerðing verður á frammistöðu þeirra.
- 3) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/47/EB ⁽²⁾ var leyfilegur hámarksþrýstingur fyrir úðabrusa með óeldfimu drifefni aukinn úr 12 í 13,2 bör, sem á þeim tíma voru mörkin fyrir því hve hár þrýstingurinn mátti vera þannig að hægt væri að tryggja öryggi. Frekari tækniframfarir og nýsköpun gera þó kleift að aðlaga þessi mörk á ný án þess að hafa áhrif á öryggi þessara úðabrusa. Þess vegna er mögulegt að heimila nýja aukningu til þess að bæta losunarhraða og gæði úðans í slíkum úðabrusum sem settir eru á markað, sem þannig veitir neytendum víðtækari og skilvirkari valkosti.
- 4) Aukningin í leyfilegum þrýstingi í úðabrusum með óeldfimu drifefni myndi veita framleiðendum víðtækari valkosti og þar af leiðandi fleiri notkunarvið fyrir slíka úðabrusa. Þar af leiðandi ætti að vera hægt að skipta, eftir því sem unnt er, úr eldfimum drifefnum yfir í óeldfim drifefni og bæta þannig nýtni og umhverfisvæðni úðabrusa og samtímis tryggja núverandi öryggisstig sem kveðið er á um í tilskipun 75/324/EBE.
- 5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽³⁾ er kveðið á um samræmingu flokkunar og merkingar efna og blandna innan Sambandsins. Þó að ákvæði um merkingar í tilskipun 75/324/EBE hafi þegar verið aðlöguð að þeirri

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 22.11.2016, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/47/EB frá 8. apríl 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa í því skyni að laga hana að tækniframförum (Stjtið. ESB L 96, 9.4.2008, bls. 15).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

reglugerð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB ⁽¹⁾ er þörf á frekari aðlögun svo að tekið sé tillit til síðari breytinga sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2013 ⁽²⁾. Því er viðeigandi að auka skýrleika laga og samræmi við kröfur um merkingar í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 án þess þó að leggja á neinar nýjar skuldbindingar.

- 6) Því ber að breyta tilskipun 75/324/EBE til samræmis við það.
- 7) Þar sem aukningin í leyfilegum hámarksþrýstingi í úðabrusum með óeldfimum drifefnum myndi ekki leiða til neinna nýrra skuldbindinga af hálfu framleiðanda en aðeins veita fleiri valkosti að því er varðar notkun á óeldfimum drifefnum, er ekki nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil.
- 8) Nauðsynlegt er að tryggja að nýja löggjöfin gildi fyrir öll aðildarríkin frá og með sama degi, óháð dagsetningu lögleiðingarinnar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækni framförum á tilskipuninni um úðabrusa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 75/324/EBE

Viðaukanum við tilskipun 75/324/EBE er breytt sem hér segir:

- a) Í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2.2. Merking

Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skulu eftirfarandi merkingar vera á öllum úðabrusum með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

- a) ef úðafnið flokkast sem „óeldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörðunorðið „varúð“ og önnur merkingaratriði fyrir úðabrusa í 3. undirflokki, sem kveðið er á um í töflu 2.3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,
- b) ef úðafnið flokkast sem „eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörðunorðið „varúð“ og önnur merkingaratriði fyrir úðabrusa í 2. undirflokki, sem kveðið er á um í töflu 2.3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,
- c) ef úðafnið flokkast sem „afar eldfimt“, samkvæmt viðmiðunum í lið 1.9, er viðvörðunorðið „hætta“ og önnur merkingaratriði fyrir úðabrusa í 1. undirflokki, sem kveðið er á um í töflu 2.3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,
- d) ef úðabrusinn er neysluvara, varnaðarsetningin V102, sem kveðið er á um í töflu 6.1 í 1. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,
- e) viðbótarvarúðarráðstafanir, sem vekja athygli neytenda á sérstakri hættu, sem varan hefur í för með sér; ef úðabrusa fylgja sérstakar notkunarleiðbeiningar skulu slíkar varúðarráðstafanir einnig koma fram í þeim.“

⁽¹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/10/ESB frá 19. mars 2013 um breytingu á tilskipun ráðsins 75/324/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrusa til þess að aðlagja ákvæði hennar um merkingu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna (Stjúd. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 20).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 487/2013 frá 8. maí 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (Stjúd. ESB L 149, 1.6.2013, bls. 1).

b) Í stað liðar 3.1.2 komi eftirfarandi:

„3.1.2 Þrýstingurinn í úðabrúsanum við 50 °C má ekki fara yfir gildin, sem kveðið er á um í eftirfarandi töflu, með hliðsjón af innihaldi lofttegunda í úðabrúsanum:

Innihald lofttegunda	Þrýstingur við 50 °C
Fljótandi lofttegund eða blanda lofttegunda sem hafa sprengisvið í andrúmslofti við 20 °C og staðalþrýsting upp á 1013 bör	12 bör
Fljótandi lofttegund eða blanda lofttegunda sem hafa ekki sprengisvið í andrúmslofti við 20 °C og staðalþrýsting upp á 1013 bör	13,2 bör
Þjappaðar lofttegundir eða lofttegundir sem eru uppleystar undir þrýstingi sem hafa ekki sprengisvið í andrúmslofti við 20 °C og staðalþrýsting upp á 1013 bör	15 bör“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. desember 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 12. febrúar 2018.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.